

Mál nr. 318/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skadabótaábyrgð. Veitur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 9. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bilun hafi orðið í hitaveitu í eigu X, líklega hinn 23. desember en mögulega 24. desember 2021, en M eigi sumarhús á starfssvæði hitaveitunnar. Starfsfólk X hafi gert við bilunina en ekki látið sumarhúsa eigendur vita af henni. M hafi fyrst frétt af biluninni hinn 3. janúar 2022, en þá hafi hann fengið tilkynningu frá félagi sumarhúsa eigenda á svæðinu, í kjölfar þess að aðrir eigendur hafi látið vita um skemmdir á hitaveitukerfum. M hafi farið á staðinn daginn eftir og þá hafi komið í ljós að hitaveitukerfið í sumarhúsi hans hafi verið ónýtt. M byggir kröfu sína um bætur úr ábyrgðartryggingu V á því að sumarhúsa eigendur hafi ekki verið látnir vita um bilunina, þrátt fyrir að tilkynningarskylda hafi hvílt á X, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 297/2006. Tjón hans hafi ekki orsakast af biluninni sem slíkri heldur því að ekki hafi verið brugðist strax við þrýstifallinu. Mikið frost hafi verið á þessum tíma og hefði M fengið tilkynningu um bilun hefði hann farið strax í bústaðinn og þá getað komið í veg fyrir tjónið. X hafi fyrst látið vita af biluninni hinn 6 febrúar 2022. M byggir á áðurnefndu reglugerðarákvæði svo og fordæmi nefndarinnar í máli 6/2021, þar sem fallist hafi verið á að skylda hvíli á þeim sem afhendi orku um að tilkynna notendum um fyrirhugaða stöðvun á afhendingu heits vatns. Sömu sjónarmið eigi við í þessu máli. Þá er sérstaklega mótmælt þeim röksemdum að tjón M megi rekja til hitaveitukerfisins í bústað hans enda hafi það hvorki verið skoðað af hálfu X né V. Þá hafi kerfið allt verið endurnýjað á árinu 2020.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X hafi bilun komið upp í hraðabreyti við borholudælu kl. 02:22 hinn 24. desember 2021. Bilunin hafi leitt til þrýstingsfalls á dreifikerfinu og um kl. 03:00 hafi kerfið verið orðið þrýstingslaust. Hafi hraðabreyti þá verið skipt úr, en þeirri viðgerð hafi verið lokið um kl. 07:00 og hafi borholudælan, ásamt öðrum dælustöðvum, verið ræst í kjölfarið. Hafi fullur þrýstingur verið kominn á um kl. 10:00 að morgni 24. desember. Óumdeilt sé að um bilun hafi verið að ræða og að orsök hennar sé ekki að rekja til mistaka eða vanrækslu starfsmanna X. Þá vísar V til 4. gr. reglugerðar nr. 488/2021 en þar komi m.a. fram að það sé á ábyrgð eiganda að komið sé upp búnaði til að grípa inn í ef viðkomandi hitakerfi þoli illa rekstrarstöðvun. Þá komi fram þar, sbr. og 13. gr. reglugerðar nr. 297/2006, að tilkynna skuli fyrirfram, ef unnt er, um rekstrarstöðvanir vegna viðhalds, viðgerða og/eða tenginga. Þá sé jafnframt tekið fram að hitaveitan undanþiggi sig ábyrgð á tjóni sem rekja megi til frosts, bilana eða þrýstingsbreytinga heits vatns, stöðvunar orkuafhendingar eða annarra óviðráðanlegra atvika. V hafni því þá að X hafi gert mistök með því að tilkynna ekki um bilunina, enda nái sú skylda samkvæmt framansögðu ekki til ófyrirséðra bilana eins og hér sé um að ræða. Sjónarmið sem uppi hafi verið í máli 6/2021 fyrir nefndinni eigi því ekki við. Ekki hafi verið unnt að tilkynna fyrirfram um bilunina enda hafi ekki verið vitað af henni fyrr en hún kom fram. Þá hafi verið brugðist strax við henni. Þá er áréttað að sú skylda hvíli á eigendum fasteigna að tryggja að búnaður sé þannig úr garði gerður að hitaveitukerfi fasteigna þoli tímabundna rekstrarstöðvun. Hefði búnaður í fasteign M uppfyllt þær kröfur hefði ekki komið til tjóns enda hefði hitavatnsleysi aðeins varað í sjö klukkustundir. Sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að hitaveitukerfið í fasteign M hafi verið nýlega endurnýjað að kröfu X og starfsmenn þess hafi fylgst grannt með framkvæmdinni. Farið hafi verið að öllum leiðbeiningum X og kerfið virkað fullkomlega. Liggja ekkert fyrir um vanbúnað kerfisins. Því sé þá ekki mótmælt af hálfu V að M hafi orðið fyrir tjóni sem sé að rekja til umræddrar bilunar, og sé orsakasamband því fyrir hendi. M sé þá ekki í aðstöðu til að sýna fram á hvað varð þess valdandi að þrýstingsfall varð eða hvort unnt hefði verið að framkvæma viðgerð á skemmri tíma en raunin varð. Þó

sé bent á það að bilunin hafi orðið á aðfarnótt aðfangadags og hafi starfsmenn X, sem og aðrir, verið farnir að undirbúa jólahald. Jafnframt telji M, m.a. af samtölum sínum við starfsmenn X, að umrætt þrýstingsfall hafi varað í lengri tíma en haldið sé fram, enda hafi komið fram skemmdir í a.m.k. fimm öðrum bústöðum af sömu orsökum. Þá er áréttað að M byggi fyrst og fremst á því að honum hafi ekki verið tilkynnt um umrædda bilun, og er túlkun V á 13. gr. reglugerðar 297/2006 sérstaklega mótmælt, enda hljóti tilkynningarskylda að eiga við hvort heldur sem um er að ræða fyrir fram ákveðna stöðvun á afhendingu eða bilun í kerfinu enda sé í báðum tilvikum um að ræða stöðvun á orkuafhendingu sem valdið geti notendum tjóni. Umrætt ákvæði hafi þá lítið gildi fyrir notendur sér að túlkað með þeim hætti að það eigi aðeins við þegar fyrirtæki ákveði sjálf að stöðva afhendingu. Það hefði enda verið fyrirhafnarlítið af hálfu V að tilkynna um bilunina og verði þá jafnframt að líta til þess að um sumarhúsahverfi sé að ræða, og því ólíklegt að margir væru í húsum sínum á þessum árstíma. Hafi jafnframt verið mikið frost og því raunveruleg hættu á tjóni. Er þá ítrekað að tjón M hafi ekki orðið vegna bilunar sem slíkrar, heldur þess að hann hafi ekki getað brugðist við. Hefði hann fengið tilkynningu um bilunina hefði hann getað brugðist við og varnað tjóni.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Hvað varðar bilunina sem slíka liggur ekki fyrir, og virðist því raunar ekki haldið fram, að hana megi rekja til neins þess sem leitt geti til bótaskyldu X. Aðila greinir á um hve lengi bilun hafi varað, en engin gögn liggja fyrir nefndinni er sýni fram á að það hafi verið lengur en X heldur fram, og þess utan er ekki ljóst hvaða, ef einhver, áhrif M telur að lengri bilun hafi haft að því er varðar tjón hans. Virðist þá ekki deilt um það að viðgerð á vegum X hafi verið framkvæmd með eðlilegum hætti, og í öllu falli liggur ekkert fyrir um að svo hafi ekki verið. Telur nefndin því ekki þörf á frekari umfjöllun um þessi atriði.

Af málatalilbúnaði aðila má því helst ráða að ágreiningur þeirra hverfist um það hvort X hafi borið að tilkynna um umrædda bilun, og þá fyrir en raunin varð, en M byggir á því að X hafi fyrst sent sumarhúsaeygendum tilkynningu um hana hinn 6. febrúar 2022, og er því raunar ekki mótmælt af hálfu V. M byggir þá á því að hefði hann fengið tilkynningu um bilun strax hefði mátt koma í veg fyrir tjón. Tjón hans megi þannig ekki rekja til bilunarinnar sem slíkar, eða viðbragða X við henni, heldur því að hann hafi ekki fengið vitneskju um hana nægilega snemma. Í 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 297/2006 segir: „Stöðvun á rekstri veitunnar, eða hluta hennar, vegna viðgerða og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem unnt er.“ Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 488/2021: „Hitaveitan mun tilkynna fyrirfram ef unnt er, um rekstrarstöðvanir vegna viðhalds, viðgerða og/eða tenginga.“ Kemur þá til skoðunar hvort X hafi, á grundvelli þessa, borið að tilkynna um umrædda bilun, en óumdeilt er að ekki var vitað af henni fyrirfram, með tilteknum hætti eða innan tiltekins tíma.

Í framangreindum ákvæðum er fjallað um tilkynningar hitaveitunnar vegna stöðvunar á rekstri veitunnar eða hluta hennar og kveðið á um að ef vitað er fyrirfram af slíkri stöðvun að notendum sé tilkynnt um hana. Einnig er kveðið á um tilkynningar fyrirfram, ef unnt er, vegna rekstrarstöðvana vegna viðgerða og/eða tenginga. Þetta orðalag leggur ekki beina skyldu á X um tilkynningar um rekstrarstöðvun eða þjónsturof eftir á. Ágreiningslaust er að sérstök tilkynning frá X barst ekki fyrir en 6. febrúar 2022, eða um sex vikum eftir umrædda bilun. Sú tilkynning ber það þó með sér að talið hafi verið nauðsynlegt að koma upplýsingum um bilunina á framfæri, enda kemur þar fram að tilkynnt hafi verið um tjón í einstökum húsum og eru sumarhúsaeygendum hvattir til að huga að eigum sínum og ganga úr skugga um að afföll séu í lagi þannig að hiti sé á húsunum. Þrátt fyrir að í framangreindu bréfi hafi jafnframt verið vísað til upplýsinga um bilanir og viðgerðir á heimasíðu X varð ekki séð, af leit nefndarinnar, að tilkynning hafi verið birt þar, og verður raunar ekki séð af málatalilbúnaði V að því sé haldið fram í málinu. Af framangreindu leiðir að taka verður undir sjónarmið M um að það hefði í sjálfu sér verið fyrirhafnarlítið og verður að telja eðlilegt að fyrirtæki sem fer með mikilvæga innviðþjónustu tilkynni um það komi upp bilanir sem hafa áhrif á notendur. Verður þá að telja að sérstök þörf sé á tímanlegri sendingu slíkra tilkynninga þegar um er að ræða hús sem ekki er alla jafna dvalist í allan ársins hring og hætt getur verið við eignatjóni sé ekki gripið til aðgerða.

Hins vegar er það þá mat nefndarinnar, jafnvel þó sýnt væri fram á sök X, að ekki liggi fyrir með nægilega skýrum hætti hvernig tjón M atvikaðist, hvernig og hvort það verði rakið til afleiðinga

umræddrar bilunar, og hvaða áhrif það hefði haft hefði hann fengið vitneskju um umrædda bilun fyrir en raunin varð. Þannig liggur t.a.m. ekki fyrir nefndinni mat eða álitserð óvilhallra aðila um þá þætti, eða um ástand og útbúnað hitaveitukerfis í fasteign M áður en umrætt tjón átti sér stað.

Samkvæmt öllu framansögðu hefur M því ekki tekist að fullnægja þeim sönnunarkröfum sem á honum hvíla og er ekki sýnt fram á að umrætt tjón megi rekja til atvika sem X ber bótaskyldu vegna. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir